

From: Þorsteinn Hjartarson
Sent: 18. september 2015 09:40
To: Ásta Stefánsdóttir
Subject: Upplýsingar um daggæslumál

Dagforeldrar

Á skólaárinu 2014-2015 voru um **33** börn sem skiptust á **8** dagforeldra.

Núna 18. september 2015 eru 30 börn hjá sex dagforeldrum.

Niðurgreiðslan er kr. 30.000.- fyrir 8 tíma og meira.

Með góðri kveðju

Þorsteinn Hjartarson
fræðslustjóri



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Austurvegi 2, 800 Selfoss
sími 480 1900,
thorsteinnhj@arborg.is
www.arborg.is

1509044

Rósa Sif Jónsdóttir

Frá: Ásta Stefánsdóttir **Sent:** 8.9.2015 09:05:44
Til: Signý Harpa Hjartardóttir
CC:
BCC:
Efni: FW: Beiðni frá stjórn Samtaka dagforeldra á Suðurlandi
Viðhengi:
Málsnúmer: 1509044

From: Hrönn Bjarnadóttir [mailto:hronnbjarna@hotmail.com]
Sent: 7. september 2015 16:15
To: Ásta Stefánsdóttir
Subject: Beiðni frá stjórn Samtaka dagforeldra á Suðurlandi

Kæra bæjarráð,

Þar sem slys varð á barni í daggæslu í umsjón dagforeldris í Samtökum dagforeldra á Suðurlandi (SDS) sl. vetur, þ.e barnið brenndist illa, þá hefur komið í ljós að skyldutrygging samtakanna dekkar ekki svona slys. Foreldrar eru reiðir og krefjast betri trygginga. Stjórn Samtakanna hefur kynnt sér ábyrgðartryggingar hjá Tryggingafélögunum, sem er það sem þarf að bæta við skyldutrygginguna. Staðan er hins vegar sú að félagar í samtökum dagforeldra á Suðurlandi eru einungis 14 talsins og árgjaldið er 10.000 kr. (sem er sambærilegt við árgjald annarra félaga sem dagforeldrar eru í t.d. á höfuðborgarsvæðinu) og nær varla að dekkja slysa- og ábyrgðartryggingu en hún er á bilinu 138.000 til 190.000 krónur. Dagforeldrar þurfa að greiða alla sína endurmenntun og námskeið sjálfir t.d skyndihjálp og fl. og það er dýrt. Okkur langar því að fara fram á að bæjarfélagið veiti Samtökum dagforeldra árlegan styrk að upphæð 100,000 kr. að lágmarki. Það myndi hjálpa félaginu mikið því annars þarf mjög líklega að leggja það niður og dagforeldrar á Suðurlandi þyrftu að ganga í önnur félög í öðrum bæjarfélögum og það finnst okkur í stjórninni mjög slæmt, það á að geta verið félag fyrir dagforeldra hér á Suðurlandi. Sem dæmi má taka að í félaginu hjá okkur eru dagforeldrar í Vestmannaeyjum og bæjarfélagið þar styrkti hvert dagforeldri um 125.000 kr. nú í haust. Þetta væri líka eitthvað sem bæjarfélagið í Árborg gæti athugað þar sem skortur hefur verið á dagforeldrum og engar umsóknir hafa borist frá fólki um að gerast dagforeldri þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Með ósk um skjót viðbrögð og von um hjálpið að halda starfsemi félagsins okkar gangandi.

Fyrir hönd stjórnar SDS,

Kristrún Ásgeirsdóttir
Formaður SDS


Selfossi, 23. september 2015
1509044

Samtök dagforeldra á Suðurlandi
Kristrún Ásgeirsdóttir
Reyrhaga 13
800 Selfoss

Varðar: Beiðni um 100.000 kr. fjárstyrk til Samtaka dagforeldra á Suðurlandi

Bæjarráð Árborgar fjallaði um styrkbeiðni samtakanna á fundi sínum í dag. Bæjarráð ákvað að hafna erindinu. Vísað er til þess að um er að ræða samtök sjálfstæðra atvinnurekenda og ekki eru fordæmi fyrir styrkjum af þessu tagi hjá sveitarfélaginu. Bæjarráð bendir jafnframt á að ef dagforeldrar hafa áhuga á að tryggja sína starfsemi umfram skyldutryggingar, m.a. vegna beiðna þar um frá foreldrum, þá sé ekki óeðlilegt að slíkt komi fram í hækkun á gjaldskrá, en miðað við þann fjölda barna sem er hjá dagforeldrum í Árborg myndi hækkunin nema innan við 300 kr á mánuði og eflaust lægri tölu ef fjöldi barna hjá dagforeldrum á félagssvæðinu, Suðurlandi öllu, væri tekinn með.

Virðingarfyllst,



Asta Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar

